



GILDANDI DEILISKIPULAG, ÖÐLAÐIST GILDI 30.10.2012, M.S.BR.



BREYTT DEILISKIPULAG

## Innbærinn - deiliskipulag

### Breyting á deiliskipulagi, Hafnarstræti 26 og 32.

Breyting á deiliskipulagi fellst í eftirfarandi:

#### Niðurrif byggingar

- Heimilt er niðurrif á núverandi byggingu á lóð við Hafnarstræti 26 og felldur er burt byggingarreitur núverandi byggingar.

#### Nýjar byggingar og skilmálar

##### Fjölbýlishús (A)

- Á lóðinni við Hafnarstræti 26 eru skilgreindir þrjú nýir byggingarreitir fyrir fjölbýlishús og innan hvers byggingarreits er heimilt að byggja eitt fjölbýlishús á tveimur hæðum ásamt risi. Fjöldi íbúða í hverju húsi verður 12 og er því heildarfjöldi íbúða í húsunum þremur alls 36.

Byggingar fyrir fjölbýlishús skulu vera með mænispaki með mænisstefnu samsíða Hafnarstræti. Mænishæð skal vera að hámarki 11,0 m frá gólfkóta jarðhæðar og hámarkshæð útveggja skal vera 7,5 m frá gólfkóta jarðhæðar. Þakhalli skal vera 25°-30°.

Heimilt er að hafa kvisti á byggingum sem skulu vera að hámarki 50% af heildarlengd hvernar byggingar. Kvistir skulu vera með mænispaki og þakhalli skal vera 25°-35°.

##### Útgeymslur (B)

- Á lóðinni við Hafnarstræti 26 eru skilgreindir þrjú nýir byggingarreitir fyrir útgeymslur sem ætlaðar eru fyrir hjól og vagna.
- Byggingar fyrir útgeymslur skulu vera með mænispaki og skal mænishæð vera að hámarki 4,0 m frá gólfkóta og hámarkshæð útveggja skal vera 3,0 m frá gólfkóta. Þakhalli skal vera 25°-30°.
- Hver útgeymsla skal að hámarki vera 15 m<sup>2</sup>.

##### Annað

Nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 0,343 í 0,994 og verður því hámarks byggingarmagn innan lóðarinnar 3.061 m<sup>2</sup> með útgeymslum.

- Lóðarhafi skal uppfylla kröfur um hljóðvarnir vegna umferðarhávaða frá Drottningarbraut.

- Staðsetning bygginga innan byggingarreita er frjál. Svalir, stigar, stigapallar og skyggni mega, þar sem aðstæður leyfa, ná allt að 2,0 metra út fyrir húshlið og 2,0 metra út fyrir byggingarreit.

##### Bílastæði

- Skv. gildandi deiliskipulagi er krafa um 2 bílastæði fyrir hverja íbúð í nýbyggingum á skipulagssvæðinu.
- Sú breyting er gerð að krafa er um 1,25 bílastæði fyrir hverja íbúð við Hafnarstræti 26 og því alls 45 bílastæði fyrir íbúðirnar 36.
- Á lóðinni við Hafnarstræti 26 eru fyrir 30 bílastæði. Alls er gert ráð fyrir 45 bílastæðum fyrir fjölbýlishúsin þrjú og af þeim verða 19 bílastæði innan lóðar við Hafnarstræti 26, þar af þrjú fyrir hreyfihamlaða. 16 bílastæði verða staðsett innan lóðar með aðgengi beint frá Hafnarstræti en 3 bílastæði verða staðsett nyrst á lóðinni. Aðkoma að þeim bílastæðum verður um bílastæðalóðina við Hafnarstræti 32 og er sú kvöð sett á lóðina að gegnumakstur og aðkoma er um lóðina að bílastæðunum þremur innan lóðar við Hafnarstræti 26.
- 26 bílastæði eru staðsett utan lóðar sem er í samræmi við reglur Akureyrarbæjar.
- Sú breyting er gerð að aðeins verður ein aðkoma akandi umferðar inn á bílastæði innan lóðarinnar frá Hafnarstræti í stað tveggja áður. Syðri aðkomuleiðin fellur burt og í stað hennar bætast við 5 almenn bílastæði meðfram Hafnarstræti og fjölgar þeim því úr 15 í 20.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 30.10.2012, m.s.br.

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLSMEÐFERÐ


SKV. 1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRNI ÞANN \_\_\_\_\_



BÆJARSTJÓRI AKUREYRAR

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í

B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN \_\_\_\_\_



Mkv. 1:1000



HLUTI ADALSKIPULAGS AKUREYRAR 2005-2018

#### SKÝRINGAR

	MÖRK DEILISKIPULAGS
	MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
	MÖRK SÝNILEGS SVÆÐIS Á UPPDR.
	LÓÐAMÖRK
	NÝ LÓÐAMÖRK
	LÓÐAMÖRK FALLA ÚT
	BYGGINGARREITUR SÉRSKILMÁLA
	BYGGINGARREITUR
	HÚS SEM MÁ RÍFA
	NÚVERANDI BYGGINGAR
	GATA - GANGSTÉTT - BÍLASTÆÐI
	ÚTIVISTARSTÍGUR
	ADALSTÍGUR
	ÖBYGGT SVÆÐI
	ÚTIVISTARSVÆÐI
	TJÖRN - SJÖR
	GRUNNKORT
	TRJÁGRÓÐUR SEM DREGUR ÚR OFANFLÓÐAHÆTTU OG MÁ EKKI BREYTA ÞANNIG AÐ DRAGI ÚR VARNARGILDI
	TRJÁGRÓÐUR SEM DREGUR ÚR ÁHÆTTU OFANFLÓÐA
	JAFNÁHÆTTULÍNA OFANFLÓÐA

	LEIKSVÆÐI
	FORNLEIFAR
	FLÓÐASVÆÐI
	30KM HÁMARKSHRADI ÖKUTÆKJA

NÝTINGARLYKILL

4.5m	840m <sup>2</sup>	Max. þak/hæð	lóðarstærð
0.450	2 íb.	nýtingarhlutf.	fjöldi íb./bílast.

**-TILLAGA-**

AKUREYRARBÆR - INNBÆRINN-DEILISKIPULAG  
DEILISKIPULAGSBREYTING  
HAFNARSTRÆTI 26 OG 32

KVARÐI-A3: 1:1000	TEIKN NR: 001
DAGS: 12.05.2017	HANNAÐ: Ól / il
FLOKKUR: 6000	TEIKNAD: il
SKRÁ: 17046_gm.dwg	VERKNR: 17046

